

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga árið 2023, 1. mál

Mannvirki – félag verktaka og Félag vinnuvélaeigenda (hér eftir „félögin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál. Með umsögn sinni vilja félögin varpa ljósi á væntanlegan samdrátt í fjáruútlátum ríkisins árið 2023 til viðhalds- og nýframkvæmda á samgönguinnviðum.

Það er mat félaganna að fjárfesting í efnislegum innviðum leggi grunn að hagvexti framtíðarinnar en fjárfestingar í innviðum ættu ávallt að fylgja þörfum atvinnulífsins og borgara landsins. Með fjárfestingu í innviðum, þ. á m. samgönguinnviðum, verður til verðmætasköpun í hagkerfinu sem skila auknum tekjum í ríkissjóðs. Auknar tekjur ríkissjóðs leiða svo til bættrar stöðu ríkisfjármála. Með reglulegu viðhaldi og nýframkvæmdum innviða er að sama skapi komið í veg fyrir enn meiri viðhaldskostnað síðar. Viðhald vegakerfisins og mannvirkja sem er í takti við þörf er til þess fallið að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Samkvæmt skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga, Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur¹, er staða margra innviða hér á landi slæm vegna þess að viðhaldi þeirra hefur ekki verið sinnt sem skyldi á síðustu árum. Dæmi um þetta eru vegir og brýr en þeir innviðir fá ástandseinkunina tvo af fjórum mögulegum sem merkir að þeir eru í slæmu ástandi. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er í vegakerfinu.

Það er á ábyrgð ríkisins að þeirri viðhaldsþörf sé mætt á allra næstu árum en hér ber til þess að líta að frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun fjárheimilda til samgönguinnviða um rúma 2.8 ma.kr. frá núgildandi fjárlögum ársins 2022. Framangreindur samdráttur tekur ekki til almennra verðlagsbreytinga en þær nema samkvæmt frumvarpinu um rúmum 1 ma.kr. Samkvæmt aðhaldskröfu stjórnvalda í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hlutdeild málaflokksins nemi 690 m.kr. en svo skuli 3 ma.kr. færast frá árinu 2023 til ársins 2024.

Með vísan til framangreindrar samantektar úr frumvarpi til fjárlaga ársins 2023 hafa félögin verulega áhyggjur af væntum samdrætti í fjárfestingum ríkisins í innviðum landsins, þ. á m. samgönguinnviðum, sér í lagi vegakerfinu. Félögin hafa áhyggjur af því að ríkið stefni í frekari viðhaldsskuldaföfnun umfram úttekt framangreindrar skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga og að framundan sé tímabil þar sem þörfum efnahagslífsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt, nema að hluta til.

Með hliðrun fjármuna milli ára í tilraun ríkisins til að draga úr þenslu og stemma stigu við áframhaldandi verðbólgu er verið að skapa óstöðugt starfsumhverfi fyrir markaðinn. Markaðurinn krefst stöðugleika og samfellu í uppbyggingu innviða til að geta mætt kröfum ríkisins til viðhalds og nýframkvæmda þeirra.

¹ <https://www.si.is/starfsemi/innvidir-a-islandi-astand-og-framtidarhorfur/>


Þá ber hér einnig að hafa í huga að um þessar mundir eru fyrirtæki landsins að huga að kostnaðarsömum fjárfestingum sem lúta að umhverfissvænni tækjabúnaði í viðleitni sinni til að mæta kröfum ríkis og stjórnvalda um umhverfissvænni framkvæmdir og mannvirki í samræmi við loftlagsmarkmið stjórnvalda.

Einnig mun boðaður niðurskurður leiða til þess að mikilvæg samgönguverkefni á stofnvegum kringum höfuðborgarsvæðið, til að mynda framkvæmdir á Reykjanesbraut, verði frestað áfram. Mörg þeirra eru tímafrek og tæknilegs eðlis, t.a.m. brúarsmíði við Arnarnesveg og við breikkun Reykjanesbrautar við Straumsvík auk feringar vegna verkefna á Kjalarnesi, sem lengir framkvæmdatíma einstakra verkefna töluvert. Í þeim tilvikum mætti vel skipta verkefnum upp að því leyti að tryggt verði fjármagn til að bjóða út og hefja slík verkefni á tímafrekum og tæknilegum hluta þeirra árið 2023 og þeim lokið síðar á útboðum á jarðvinnu og slitlagi á árunum þar á eftir. Að mati félaganna er mikilvægt í þessum efnum að forgangsraða með tilliti til þeirra verkefna sem eru að skila hvað mestum þjóðhagslegum ávinningi.

Þá vilja félögin einnig varpa ljósi á mótsagnarkennda nálgun frumvarpsins til fjárlaga 2023 við drög að umferðaröryggisáætlun 2023-2027² sem til umsagnar er um þessar mundir. Samkvæmt drögum umferðaröryggisáætlunarinnar skal stefnan byggð á þriggja þátta nálgun um umferðaröryggi; öruggari vegfarendur, öruggari vegir og öruggari ökutæki. Að mati félaganna verður ekki séð hvernig frumvarp það sem til umsagnar er til fjárlaga 2023 samræmist stefnu draga umferðaröryggisáætlunarinnar um öruggari vegfarendur og vegi þegar lagt er til samdrátt í útgjöldum til viðhalds samgönguinnviða, líkt og vegakerfisins og uppbyggingu nýrra vegamannvirkja sem brýn nauðsyn er á um þessar mundir líkt og áður hefur verið bent á í umsögn þessari.

Með vísan til framangreinds skora Mannvirki – félag verktaka og Félag vinnuvélaeigenda á fjárlaganefnd að draga til baka boðaðan samdrátt í fjárútlátum ríkisins til viðhalds og nýframkvæmda innviða en jafnframt horfa til þess að auka fjárheimildir til þeirra verkefna frá því sem verið hefur, til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun í íslensku vegakerfi.

Virðingarfyllst,


Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

² [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3286](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3286)